



Beiðni Tengis hf. og Mílu ehf. um undanþágu frá samkeppnislögum fyrir lagningu á ljósleiðara

I.

Samkeppniseftirlitinu barst bréf frá Mílu ehf. (Míla) og Tengis hf. (Tengir), dags. 28. júní 2019, þar sem óskað var eftir undanþágu á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 frá bannákvæðum 10. og 12. gr. sl. Um er að ræða afmarkað og tímabundið verkefni sem felst í fyrirhuguðum samningi milli félaganna um framkvæmdir og jarðvegsvinnu í tengslum við lagningu ljósleiðara og kaupskyldu á innviðum og ljósleiðaralögnum.

II.

Í lýsingu á umfangi mögulegs samstarfs Mílu og Tengis segir að aðilar muni gera með sér skriflegan samning um verkefnið. Í samningnum muni koma fram að Míla og Tengir hafi fram til þessa hvort um sig lagt ljósleiðara og innviði. Samkvæmt samningi muni Míla taka að sér framkvæmdir við lagningu tveggja ljósleiðaraneta og innviða í þéttbýli Húsavíkur á þeim staðföngum sem tiltekin séu í viðauka 1 í samningi aðila og muni ná til meirihluta heimila í þéttbýli Húsavíkur. Samstarfið muni takmarkast við skilgreind svæði samkvæmt viðauka 1 og á þeim hafi hvorugur aðila lagt ljósleiðaranet til heimila. Fram kemur að Míla eigi umfangsmikið rörakerfi á Húsavík og taki því að sér öll framkvæmdastig við lagningu ljósleiðara á skilgreindu samstarfssvæði og leggi tvöfalt ljósleiðaranet til skilgreindra staðfanga, eitt fyrir hvorn aðila. Ljósleiðarastrengirnir verði í sömu röralögn en að fullu aðskildir. Míla muni sjá um hönnun, undirbúning, útboð, verkstýringu, gæðaeftirlit, jarðvegsvinnu og efniskaup á viðkomandi framkvæmdasvæði. Samkvæmt framangreindu muni Míla sjá alfarið um að semja við vertaka um framkvæmdir, skipuleggja framkvæmdir, sækja um framkvæmdaleyfi og auglýsa framkvæmdir. Við lok framkvæmdastigs skuldbindi Tengir sig til að kaupa efni og vinnu vegna lagningu ljósleiðara ásamt aðgangi að innviðum Mílu á fyrirfram ákveðnu föstu verði af Mílu í samræmi við samning þar um. Við afhendingu taki Tengir við ljósleiðaraneti í samræmi við afhendingarskilmála í samningi.

Tengir muni sjá alfarið um að tengja nýtt ljósleiðaranet við eigið fjarskiptanet og tengingar innanhúss fyrir endanotendur. Eftir afhendingu samkvæmt framangreindu verði samstarfi aðila á grundvelli samningsins lokið og framkvæmd samkvæmt honum falli niður. Hafi Míla og Tengir með framangreindu eignast tvö sjálfstæð ljósleiðaranet á Húsavík sem hvort um sig geti veitt fasta Internettengingu til neytenda.

Tekið er fram að ljósleiðaravæðing á Húsavík sé stutt á veg komin en þar sé öflugt ljósnet en lagning ljósleiðara og jarðvegsframkvæmdir vegna þeirra séu mjög kostnaðarsamar. Á Húsavík hátti þannig til að stór hluti heimila sé í sérbýli og því sé kostnaður við hvert tengt heimili á Húsavík mun hærri en til dæmis á höfuðborgarsvæðinu. Fyrir liggir að báðir aðilar hyggjast leggja ljósleiðara til heimila á Húsavík. Telji beiðendur mun hagkvæmara að einn



og sami aðilinn sjái um framkvæmdir á Húsavík og leggi þar tvö ljósleiðarakerfi. Það auki hagkvæmni, styttr verktíma og auki öryggi. Verkefnið verði sambærilegt við samstarf Mílu og Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. (GR) á höfuðborgarsvæðinu og Selfossi sem Samkeppniseftirlitið hafi heimilað með ákvörðun nr. 11/2018, *Beiðni Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. og Mílu ehf. um undanþágu frá samkeppnislögum fyrir lagningu á ljósleiðara*.

III.

Í framangreindu bréfi Mílu og Tengis kemur fram að samstarfsverkefnið felist í því að Míla muni leggja tvö sjálfstæð ljósleiðarakerfi sem verði tæknilega aðskilin og sjálfstæð. Þegar framkvæmdum ljúki muni Míla og Tengir eiga sjálfstæða ljósleiðarastrengi sem liggja í rörum Mílu og nái frá skilgreindum afhendingartengipunktum til allra skilgreindra staðfanga sem samstarfið nái til.

Til að verkefnið skili tilætluðum árangri telja aðilar að þeir þurfi að geta skipst á hönnunargögnum við samræmingu og skipulag verkframkvæmda. Í því felist að félögin þurfi að veita aðgang að og afhenda gögn um fyrirliggjandi innviði á hönnunar- og framkvæmdastigi. Við lok framkvæmda og samhliða kaupum Tengis á ljósleiðara af Mílu þurfi Míla að afhenda Tengis raungögn um lagnir (hnitasett sem sýni staðsetningu röra, strengja og þráða). Eðli þeirra upplýsinga sem skipst verði á varði eingöngu tæknilega legu lagna og tengingar. Að mati beiðenda feli þær ekki í sér viðskiptalegar upplýsingar sem skipti máli fyrir verðmyndun aðila á markaði (t.d. upplýsingar umbreytilegan kostnað sem áhrif hafi á þær tegundir þjónustu sem boðnar verði yfir ljósleiðaranet aðila). Starfsmenn Mílu og Tengis muni ekki eiga í neinu samstarfi eftir að framkvæmdum og kaupum Tengis á ljósleiðara af Mílu ljúki þar sem ljósleiðarakerfin séu sjálfstæð og rekstur þeirra og viðhald sé ekki háð samstarfi aðila.

IV.

Markmið samningsins sem um ræði sé að byggja bæði á hagkvæmnis- og hagræðingarsjónarmiðum auk þess að lágmarka ónæði og röskun sem óhjákvæmilega fylgi framkvæmdum við ljósleiðaralagnir í götum og á svæðum bæjar- og sveitarfélaga. Hafi sveitarfélög lagt mikla áherslu á að félögin nýti saman jarðvegsframkvæmdir þar sem því verði við komið. Það sé mat aðila að framangreint samstarf, eins og því sé lýst í sameiginlegu bréfi þeirra, muni hafa jákvæð áhrif á samkeppni og auka valkosti neytenda með því að komið verði á fót tveimur sjálfstæðum ljósleiðaranetum á þeim svæðum sem samningur aðila nái til. Telji samstarfsaðilar að beiðni þeirra uppfylli öll skilyrði 15. gr. samkeppnislaga, sbr. nánar hér á eftir.

Í fyrsta lagi telji aðilar að hið afmarkaða samstarf muni stuðla að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu og efla tæknilegar og efnahagslegar framfarir. Það felist í því að samstarfið muni stytta framkvæmdatíma og þ.a.l. flýta aðgengi notenda að ljósleiðara frá tveimur keppinautum og stuðla þar með að aukinni samkeppni á fjarskiptamarkaði neytendum til hagsbóta.

Í öðru lagi telji aðilar að samningurinn muni veita neytendum sanngjarna hlutdeild í þeim ávinningi sem af hljótist þar sem kostnaður við stofnfjárfestingu í ljósleiðara og innviðum verði lægri en annars yrði. Neytendur muni fá aðgang að háhraðatengingu og fjarskiptafyrirtæki, t.d. í smásölu, muni fá aðgang að fleiri innviðafyrirtækjum. Telji aðilar



að með framangreindu samstarfi í uppbyggingu á háhraðatengingu, þar sem áður hafi einungis Míla verið fyrir á markaði með kopartengingu, verði stuðlað að aukinni samkeppni á heildsölu- og smásölumarkaði.

Í þriðja lagi telji aðilar að samningurinn muni ekki leggja höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf séu til að settum markmiðum verði náð. Telji aðilar í þessu sambandi að framangreindur samningur muni leiða af sér jákvæð efnahagsleg áhrif. Markmiðið sé að byggja upp tvö sjálfstæð ljósleiðaranet með sem minnstum tilkostnaði. Fyrirkomulag í samningi aðila sé þannig að samstarfið sé tímabundið og afmarkað.

Í fjórða lagi telji aðilar að samningurinn veiti þeim ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varði verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um sé að ræða. Hvor aðili muni eftir sem áður reka sitt eigið sjálfstæða ljósleiðarakerfi og selja fjarskiptafélögum fjarskiptaþjónustu í heildsölu. Samstarfið leggi engin höft á Mílu eða Tengi þegar markmiðum samningsins hafi verið náð og að ekki verði séð að hann hamli samkeppni eða samstarfið skaði samkeppni eða hagsmunum neytenda að mati aðila.

Í framangreindu bréfi Mílu og Tengis kemur fram að aðilar vinni að endanlegri útfærslu samningsdraga sem send verði Samkeppniseftirlitinu þegar þau liggja fyrir.

V.

Undirritaður samningur um framkvæmdir milli Mílu og Tengis auk viðauka barst Samkeppniseftirlitinu með tölvupósti þann 24. júlí 2019. Er samningurinn í samræmi við lýsingu um markmið og framkvæmd samstarfsins sem fram kom í bréfi aðila til Samkeppniseftirlitsins, dags. 28. júní 2019.

Það er markmið með samningi Mílu og Tengis að auka hagkvæmni og hagræðingu við lagningu ljósleiðara auk þess að lágmarka ónæði og röskun sem fylgi slíkum framkvæmdum í götum og á svæðum bæjar- og sveitarfélaga. Að mati Mílu og Tengis hafi tímabundið og afmarkað skilgreint samstarf þeirra jákvæð áhrif á samkeppni og muni auka valkosti neytenda með því að komið verði á fót tveimur sjálfstæðum ljósleiðaranetum á þeim svæðum þar sem samningur aðila náí til. Telja samstarfsaðilar að beiðni þeirra uppfylli öll skilyrði 15. gr. samkeppnislaga eins og framfar er lýst.

Með tölvupósti Samkeppniseftirlitsins þann 24. júlí 2019 var óskað eftir sjónarmiðum GR um fyrirhugað samstarf Mílu og Tengis á Húsavík. Í svari GR þann sama dag kom fram að félagið gerði ekki athugasemdir við fyrirhugað samstarf og teldi að það yrði til að auka samkeppni á fjarskiptamarkaði. Eins og framfar segir á fyrirhugað samstarf Mílu og Tengis fyrirmynd sína í samstarfi Mílu og GR á höfuðborgarsvæðinu sem samþykkt var með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 11/2018. Samkeppniseftirlitsins er sammála Mílu og Tengi að þessu leyti að fyrirkomulag og skilgreining á samstarf þeirra eigi sér fyrirmyndi í samstarfi Mílu og GR sem leiddi til ákvörðunar nr. 11/2018. Við vinnslu þeirrar ákvörðunar var leitað sjónarmiða Póst- og fjarskiptastofnunar og gerði stofnunin ekki athugasemdir við það samkomulag sem Míla og GR höfðu komið sér saman um. Auk þess leitaði Samkeppniseftirlitið þá einnig sjónarmiða annara fjarskiptafélaga sem ýmist litu það jákvæðum augum eða gerðu ekki athugasemdir að teknu tilliti til umfangs samstarfsins og skilgreiningu þess.



Með hliðsjón af öllu framangreindu gerir Samkeppniseftirlitið ekki athugasemdir við mat Mílu og Tengis á áhrifum samkomulagsins, sbr. 15. gr. samkeppnislaga, enda einskorðist samstarfið við að nýta sömu framkvæmdir til þess að leggja tvö ljósleiðaranet sem verði tæknilega aðskilin og sjálfstæð og skapi þannig grundvöll til samkeppni um hlutaðeigandi viðskiptavini. Einnig verði tryggt að samstarfið einskorðist við þetta og feli ekki í sér neins konar samráð um aðra þætti, s.s. verð eða þjónustu til viðskiptavina.

Með hliðsjón af framangreindu veitir Samkeppniseftirlitið hér með umbeðna undanþágu með eftirfarandi ákvörðunarorði.

VI. Ákvörðunarorð:

Mílu ehf. og Tengir hf. er veitt undanþága á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 til að eiga í samstarfi um að nýta sömu framkvæmdir til þess að leggja tvö ljósleiðaranet með þeim forsendum að þau verði tæknilega aðskilin og sjálfstæð og skapi þannig grundvöll til samkeppni um hlutaðeigandi viðskiptavini. Einnig skulu framangreindir aðilar tryggja að samstarfið einskorðist við þetta og feli ekki í sér neins konar samráð um aðra þætti, s.s. verð eða þjónustu til viðskiptavina.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson